

Nd.

91. Frumvarp

til laga um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að hafa eftirlit eins og henni þurfa þykir með því, að loftskeyti sjeu ekki notuð til stuðnings ólöglegum veiðum í landhelgi á nokkurn hátt.

2. gr.

Hver útgerðarmaður eða forstjóri útgerðarfjelags á Íslandi, sem hefir skip með loftskeytatækjum við veiðar hjer við land, skal skyldur að láta dómsmálaráðuneytinu í tje lykíl að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hjer við land, eða milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis.

3. gr.

Hver loftskeytastöð á Íslandi og hvert íslenskt veiðiskip, sem hefir loftskeytatæki, skulu hafa frá dómsmálaráðuneytinu sjerstök eyðublöð til skeytasendinga vegna veiðiskipa. Hvert loftskeyti til eða frá íslenskum veiðiskipum skal frumritað á slíkt eyðublað. Skipstjóri á veiðiskipi, en útgerðarstjóri eða maður, sem að lögum hefir prókúru fyrir útgerðarfyrirtæki, undirrita á hverju slíku skeyti, er þeir senda, drengskaparvottorð um, að ekkert í efni skeytisins geti orðið til að hjálpa veiðiskipi til að brjóta landhelgislöggjöfina eða forðast varðskip þau, er gæta eiga landhelginnar.

Á hverri loftskeytastöð og hverju íslensku veiðiskipi skal rita í sjerstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum, með nákvæmri dagsetningu og töluröð, svo sem nánar er tiltekið í reglugerð. Loftskeytastöðvar og veiðiskip með loftskeytatækjum senda í byrjun hvers mánaðar frumrit allra skeyta til og frá veiðiskipum frá undangengnum mánuði til stjórnarráðsins, og í lok hvers árs bók þá, sem skeytin eru rituð í fyrir það ár. Stjórnarráðið leggur síðan fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis ár hvert bæði frumrit skeytanna og öll hin bókfærðu eftirrit til endurskoðunar.

4. gr.

Loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skal skylt að bókfæra, eftir því sem frekast verður við komið, öll loftskeyti til og frá íslenskum veiðiskipum. Í lok hvers mánaðar skulu eftirrit skeyta þessara send dómsmálaráðuneytinu, en það afhendir þau aftur sjávarútvegsnefndum Alþingis.

5. gr.

Nú sannast, eða leikur mjög sterkur grunur á, að útgerðarmaður hjer á landi eða skipstjóri á veiðiskipi hafi misnotað loftskeyti í þeim tilgangi að

fremja eða dylja landhelgisbrot. Skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt að svifta útgerðarstjóra og skipstjóra, er hlut eiga að máli, rjetti til að senda loftskeyti, nema undir eftirliti dómsmálaráðuneytisins, sem ræður orðalagi og formi slíkra skeyta. Sjávarútvegsnefndir Alþingis ákveða árlega, hve lengi slíku eftirliti skuli haldið áfram gagnvart einstökum sakaraðiljum.

6. gr.

Óheimilt er eigendum veiðiskipa eða skipstjórum að hafa leynileg loftskeytataeki til að taka á móti eða senda loftskeyti.

7. gr.

Brot móti 2. og 3. gr. varðar 15—50 þús. kr. sekt fyrir útgerð skipsins, en skipstjóri, sem verður sannur að því að misnota loftskeyti til að geta framið landhelgisbrot, skal í fyrsta sinn missa rjett til skipstjórnar í tvö ár. Brjóti hann aftur, missir hann skipstjórarjettindi fyrir fult og alt.

8. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því íslensk botnvörpuskip tóku að stunda veiðar hjér við land hefir það verið alkunnugt, að sum þeirra hafa veitt mikið í landhelgi. Og eftir að loftskeytastöðvar voru reistar og botnvörpungarnir fengu loftskeytataeki hefir sterkur grunur á því leikið, að einstök útgerðarfyrirtæki stjórnuðu landhelgisbrotum úr landi. Liggur fyrir um þetta bein yfirlýsing í sjálfum Þingtíðindunum frá einum elsta og merkasta útgerðarmanni landsins, Ág. Flygenring. Menn vita, að sum togarafjelögin láta halda nákvæma njósn um hverja hreyfingu varðskipanna hjér við land og vara skip sín við. Kunnugt er, að togara hafa þrjá daga í röð verið send svo hljóðandi skeyti hjeðan úr Reykjavík: »Ömmu líður vel« — »Ömmu líður enn þá vel« — »Amma er að byrja að verða lasin«. Þegar tvö fyrri skeytin voru send, lá varðskipið inni á höfn, en hið þriðja var sent er það var að fara út úr höfninni. Tilgangurinn er auðsær, að láta íslensk veiðiskip vita, að þeim sje óhætt um stund að ræna í landhelginni. Tvöföld hættastafar af öryggi því, sem loftskeytin hafa veitt íslenskum veiðiskipum til landhelgisbrota. Erlend veiðiskip elta íslensku skipin inn í landhelgina og forða sjer með þeim. Er þetta margsannað og athugað af varðskipunum. Í öðru lagi tekst nálega aldrei að ná íslensku togurunum við veiðar í landhelgi, þrátt fyrir hin alment viðurkendu og tíðu brot þeirra. En þetta verður fremur öllu öðru til að veikja trú erlendra manna á íslensku rjettarfari. Eigendur erlendra skipa komast að þeirri niðurstöðu, að lögin gildi aðallega fyrir útlendinga, en stærstu lögbrojtarnir sleppi óhegndir í sínu eigin landi.

Með frv. þessu er stigið fyrsta sporið í þá átt, að fyrirbyggja hina sönnuðu misnotkun loftskreyta til að dylja landhelgisbrot. Eftirlit í þessum efnum er algengt erlendis. Þannig hefir t. d. enska loftskreytastjórnin vanið bæði íslenska togara og skip Eimskipafjeldsins af óþörfum og löngum samtölum við Englandstrendur, með því að hlusta á samræður þeirra og senda íslenskum stjórnarvöldum afrit skreyta þessara og kærðu út af framferði skipanna. Virðist einsætt, að þjóðarnauðsyn sje að hindra, að loftskreytunum sje misbeitt framvegis til að hilma yfir landhelgisbrot.

Frv. þetta er flutt í samráði við dómsmálaráðherra og eftir hans ósk. Er þó efni þess vonum síðar fram komið, svo oft sem kvartað hefir verið um usla af hálfu íslenskra togara í landhelgi og það tortryggilega fyrirbæri, að þeir oftast ganga úr greipum varðskipanna.